

6. maí 2020

Umsögn skólamálanefndar Félags grunnskólakennara um þingskjal 1094/150, 643. mál, þingsályktun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025.

Skólamálanefnd Félags grunnskólakennara fagnar þessu frumvarpi og að til standi að gera gangskör að þessum mikilvæga málaflokki.

Nefndin telur orðalag tveggja málsgreina í fyrstu efnisgrein 1. kafla laganna geta valdið misskilningi, þ.e. að í fyrri málsgrein sé ekki ljóst hvort málsgreinin eigi við þolanda eða geranda og orðalag síðari málsgreinar geti valdið þeim misskilningi að um þolanda sé að ræða í fyrri málsgrein. Efnisgreinin birtist hér í heilu lagi og orðaröðin sem um ræðir er lituð með rauðu.

*Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni á hvergi að eiga sér stað í íslensku samfélagi. Þessi samfélagslegi vandi verði upprættur með samhentum átaki sem byggir á djúpstæðum skilningi á eðli og afleiðingum kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni. Með forvörnum er leitast við að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og draga úr þeim skaða sem slík háttsemi hefur á þolendur og aðstandendur þeirra. Forvarnir til framtíðar skulu einnig fela í sér markviss viðbrögð við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni **og hegðun sem ýtir undir slíkt**. Markviss viðbrögð taki **einnig** til þeirra sem beita ofbeldi svo þeir axli ábyrgð á sínum gjörðum. Slíkt hefur forvarnagildi í sjálfu sér.*

Nefndin telur að þolandi skuli aldrei vera gerður ábyrgur fyrir kynferðislegu eða kynbundnu ofbeldi en finnst orðnotkun í málgreininni geta bent til þess að átt sé við að hegðun þolanda ýti undir slíka háttsemi. Að **markviss viðbrögð taki einnig til þeirra sem beita ofbeldi** þykir nefndinni benda til þess að fyrri málgrein eigi við þolanda. Nefndin leggur því til að orðum sem lituð eru rauð verði einfaldlega eytt eða málgreinin endurorðuð á þann hátt að skýrt sé að um hegðun geranda sé að ræða til að forðast óþarfa misskilning.

Nefndin leggur einnig til breytingar á fyrstu málsgrein annarar efnisgreinar 1. kafla. Nefndin telur að börn eigi rétt á því að vera örugg alls staðar þar sem þau koma og eigi ekki síður rétt á öruggu umhverfi á heimilum annarra jafnt og eigin heimili. Breytingartillagan er merkt rauð í textanum hér að neðan.

*Börn og ungmenni eiga rétt á öruggu umhverfi á heimili sínu **og annarra** jafnt sem í námi og tómstundum og stjórnvöld skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja það.*

Kennarar og stjórnendur skóla hafa ekki hvað síst yfirsýn yfir líðan og félagslega hegðun barna og unglunga. Nefndin telur að Kennarasamband Íslands og aðildarfélög þess eigi að vera til samstarfs og ráðgjafar á flestum sviðum frumvarpsins.

Nefndin leggur til að KÍ og aðildarfélög séu skráð sem dæmi um samstarfsaðila við t.d. lið A.1, A.2, A.3, A.4, A.5, A.6 og A.7, einnig í liðum F.1, F.2 og F.3. Einnig leggur nefndin það til að Félag grunnskólakennara sé skráð við liði C.1, C.2, C.3, C.4 og C.5.

Skólamálanefnd Félags grunnskólakennara

Hjördís Albertsdóttir, formaður

Alda Áskelsdóttir

Kristín Björnsdóttir

Rannveig Þorvaldsdóttir

Sigbrúður Harðardóttir

Svava Þ. Hjaltalín

Þórdís Sævarsdóttir